

Svör Miðflokksins við spurningalista Íþróttabandalags Reykjavíkur:

### **1. Hvað vill þitt framboð gera í íþróttamálum á næsta kjörtímabili?**

Miðflokkurinn er eini stjórn málaflokkur Íslands með stefnu í íþróttamálum fyrir komandi sveitastjórnarkosningar. Á landsfundi sínum 2018 samþykkti Miðflokkurinn tillögur Jóns Hj, Magnússonar, fv. fomanns HSÍ og Geirs Þorsteinssonar, fv. fomanns KSÍ um að setja íþróttir í sértakan málaflokk í stefnuskrá flokksins. Miðflokkurinn vonar að aðrir stjórn málaflokkar geri slíkt hið sama og styðji það mikilvæga forvarnar- og lýðheilsustarf sem íþróttir eru til að bæta heilsu barna okkar og unglinga, þeim og foreldrum þeirra til mikillar ánægju og lífsgleði.

**Tvöföldun Frístundarkorta í Reykjavík**

Rekstur og skipulag faglegrar íþróttastarfsemi er íþróttafélögum kostnaðarsamur. Of margir foreldrar eiga erfitt með að bjóða börnum sínum að taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi vegna kostnaðar, en miklu skiptir að börn efnaminni foreldra geti einnig stundað íþróttir. Auka þarf því framlög til íþróttafélaga til að lækka þáttökugjöld. Sveitarfélög þurfa að hækka Frístundarkort sín verulega og *Miðflokkurinn í Reykjavík ætlar að tvöfalda Frístundarkortin.*

**Efla íþróttaaðstöðu í Reykjavík og um land allt**

Íþróttafélög um allt land hafa með aðstoð sveitarfélaga, fyrirtækja og sjálfboðaliða kappkostað að byggja keppnisvelli og íþróttahús en samt þarf stóratæk í þessum málum. Miðflokkurinn vill að Reykjavíkurborg og sveitarfélög um land allt standi við loforð sín um að hraða uppbyggingu betri aðstöðu íþróttafélaga í samstarfi við ríkið. Miðflokkurinn í Reykjavík ætlar að efna loforð um bættu íþróttaaðstöðu íþróttafélaganna í Reykjavík eins og ÍR, KR, Víkings, Fram, Vals, Ármanns, Próttar, Leiknis, Fylkis, Fjöltnis og Ungmennafélags Kjalarness.

**Íþróttasjóður til að efla forvarnir**

Miðflokkurinn ætlar að leggja aukinn kraft og fjármuni í forvarnir í samstarfi við íþróttahreyfinguna og önnur frjáls félagasamtök um land allt. Stofna á sérstakan íþróttasjóð í samstarfi ríkisins, Íþrótt- og ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands til að efla skipulagða íþróttaiðkun um land allt. Flestir foreldrar hafa áhyggjur af hreyfingarleysi barna sinna og ofþyngd. Ofþyngd er eitt stærsta heilsufarsvandamál þjóða heims. Rannsóknir sýna að virk þátttaka í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi skilar miklum árangri í forvörnum til að bæta andlega og líkamlega heilsu barna og unglinga svo og námsárangur þeirra. *Fjárfesting í aukinni íþróttaiðkun skilar sér margfalt í bættri lýðheimlsu landsmanna.*

**Endurgreiðsla virðisaukaskatts til íþróttafélaga**

Miðflokkurinn ætlar að breyta reglugerð um virðisaukaskatt þannig að íþróttafélög fái endurgreiddan virðisaukaskatt af vinnu iðnaðarmanna við nýbyggingu, endurbyggingu og viðhaldi íþróttamannvirkja sinna.

**Ferðasjóður íþróttahreyfingarinnar**

Efla þarf ferðasjóð íþróttahreyfingarinnar. Ferðakostnaður innanlands dregur allt of mikið úr íþróttaiðkun barna og unglinga sérstaklega á landsbyggðinni. Við því þurfa stjórnvöld

að bregðast. Í febrúar 2017 var úthlutað 97 milljónum úr Ferðasjóði íþróttahreyfingarinnar sem var fjórðungur þeirrar upphæðar sem sótt var um. *Miðflokkurinn ætlar að efla þennan ferðasjóð verulega.*

Tryggingar íþróttaiðkenda

Miðflokkurinn ætlar á láta endurskoða lög um Slysatriggingar íþróttafólks, bæði yngri sem eldri, jafnt við æfingar og keppnir hérlendis sem og erlendis.

## **2. Hver er afstaða ykkar til afreksstarfs í Reykjavík? Teljið þið rétt að vera með bein fjárframlög til afreksstarfs eins og tíðkast í sumum nágrennasveitarfélögum?**

Afreksíþróttafólkið okkar skapar fyrirmyndir og er mikil hvatning fyrir börn og unglunga til að taka þátt í íþróttum og um leið góð kynning fyrir viðkomandi sveitarfélag.

Sveitarfélögin eiga fyrst og fremst að skapa íþróttafélögunum góða aðstöðu til íþróttaiðkanna í sem flestum greinum og taka þátt í að greiða hluta af kostnaði rekstrar þessara mannvirkja eins og gert er í dag. Miðflokkurinn í Reykjavík ætlar að efna loforð um bættu íþróttaaðstöðu íþróttafélaganna í Reykjavík eins og ÍR, KR, Víkings, Fram, Vals, Ármanns, Próttar, Leiknis, Fylkis, Fjölnis og Ungmennnafélags Kjalarness.

Miðflokkurinn í Reykjavík ætlar að ræða við ÍSÍ og sérsamböndin um aðkomu Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga að Afreksstjóði ÍSÍ til að auka úthlutun úr honum til íþróttafélaga og afreksíþróttafólks um land allt.

Afrekssjóður

Auka þarf framlög í afrekssjóð íþróttahreyfingarinnar til að efla starfsemi unglingalandsliða. Afreksíþróttafólkið okkar skapar fyrirmyndir og er mikil hvatning fyrir börn og unglunga til að taka þátt í íþróttum og um leið góð kynning fyrir land og þjóð. Fagna ber ákvörðun ríkisstjórnar Íslands árið 2016 að stórauka framlög til afreksíþróttu í áföngum í 400 milljónir árlega. Miðflokkurinn ætlar samt að auka verulega framlög í afrekssjóðinn til unglingalandsliða okkar til að eiga áfram landslið í fremstu röð

## **3. Hver er afstaða ykkar til þjóðarleikvanga, uppbyggingu þeirra og reksturs?**

Miðflokkurinn styður hugmyndir KSÍ um yfirbyggðan fjölnota þjóðarleikvang í Laugardal og hugmyndir HSÍ og KKÍ um byggingu fjölnota íþróttahallar fyrir handbolta, körfubolta, fimleika, frjálsar, o.fl. íþróttagreinar. Einnig þarf að byggja veglegan frjálsíþróttavöll. Leita þarf leiða til að fjármagna þessi nýju íþróttamannvirki í samstarfi Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu með stuðning ríkissjóðs, stórfyrirtækja og alþjóðlegra sérsambanda. Þá er lagt til að ÍSÍ ræði við Íslenska Getspá um að koma á fót nýjum alþjóðlegum Lottóleik til að fjármagna hluta þessara mannvirkja svo og rekstur þeirra. Ljóst er að verulegar tekjur skapast með þessum mannvirkjum vegna komu erlendra áhorfenda til landsins. Í þessu sambandi má einnig benda á ódýra landkynningu vegna alþjóðlegra sjónvarpsendinga frá kappleikjunum eins og frá HM í handbolta á Íslandi 1995.

#### **4. Hver er afstaða ykkar til frístundaaksturs í hverfum borgarinnar?**

Á heildina litið hefur frístundaakstur á vegum íþróttafélaga í hverfum borgarinnar gengið vel og hefur hann aukið þátttöku barna íþróttum og aukið samfellu í degi barnanna og betri nýtingu á mannvirkjum. Frístundaaksturinn hefur sannað sig og ber að efla.

Árið 2013 beindi Skóla- og frístundaráð því til borgarráðs að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014 verði skoðað hvort svigrúm er til staðar að hækka styrk til íþróttafélaga vegna aksturs frístundastrætós. Skóla- og frístundaráð lagði jafnframt til samstarfshópur SFS og ÍBR um frístundaakstur rýni betur kostnaðarþátttöku foreldra í tengslum við frístundaakstur og samsetningu æfingagjalda íþróttafélaga með það að leiðarljósi að jafnræðis sé gætt.

Miðflokkurinn ætlar að endurskoða almeningsamgöngur í borginni og auka þær innan borgarhverfa til að auðvelda börnum að sækja skóla og íþróttæfingar í viðkomandi hverfi. Slík endurskoðun sverður gerð hverfi fyrir hverfi í samráði við viðkomandi skóla og íþróttafélög svo og félagsmiðstöðvar, einkum fyrir íþróttafélög sem eru í stórum hverfum þar sem íþróttastaða er fjarri skólum og mun “frístundarakstur” með hverfastrætóum vera stór hluti þessarar endurskipulagningar.